

71

31. júlí

4. gr.

Gjaldið skal ávaxta í sérstökum sjóði, sem kallast Lendingarsjóður Hnífsdals. Annast sýslunefndin um að sjóðurinn sé ávaxtaður á sem trygg-  
astan og arðvænlegastan hátt.

5. gr.

Fé sjóðsins skal varið til þess að bæta bátalegu og lendingu í Hnífsdal. Sýslunefnd ákveður hvenær veita skal fé úr sjóðnum til lendingar og hafnarbóta.

6. gr.

Með samþykkt þessari eru öll þau ákvæði í eldri samþykktum úr gildi fallin, að svo miklu leyti sem þau taka til lendingarsjóðs í Hnífsdal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu, hefir sam-  
ið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember  
1917 til þess að öðlast gildi 1. september 1930, og birtist til eftirbreytni öllum,  
sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1930.*

Í fjarveru ráðherra.

**Vigfús Einarsson.**

---

*Jón Gunnlaugsson.*

72

7. ágúst

## S A M Þ Y K K T

um

lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til sölubúða kaupmanna, kaupfélaga,  
iðnaðarmanna, bæjarfélagsins, ríkisins og annara, hverju nafni sem nefnast.

2. gr.

Sölubúðir skal ekki opnan fyrr en kl. 8 árdegis og loka eigi síðar en  
kl. 7 síðdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal þó sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, en laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunu eigi síðar en kl. 6 síðdegis. Svo skal og öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis á laugardögum á tímabilinu frá 1. júlí til 31. ágúst ár hvert. En á sama tímabili má halda þeim opnum á föstudögum til kl. 9 síðd.

Síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla og gamlárstag skal heimilt að halda opnum búðum til kl. 10 síðdegis.

### 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fridag verzlunarmanna á Ísafirði og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

### 4. gr.

Sölubúðir þær, sem eingöngu verzla með brauð, mjólk, fisk eða kjöt, má hafa opnar á hverjum degi til kl. 9 síðdegis. Sé í þessum búðum verzlað með aðrar vörur jafnframt, gilda um þær sömu reglur og almennar búðir. Fiskbúðir má opna fyrir kl. 8 árdegis.

### 5. gr.

Áfengisbúðum, hvort sem þær er verzlað með áfengi eingöngu eða ásamt með öðrum varningi, skal lokað eigi síðar en kl. 2 síðdegis.

Slíkum búðum skal og lokað, auk þess sem segir í 3. gr., alla aðfangadaga þeirra daga, sem þær eru taldir. Þeim skal og lokað frá því viku fyrir jól og til 2. dags janúarmánaðar, einnig alla páskavíkuna.

### 6. gr.

Lyfjabúðir mega afgreiða lyf og sjúkragögn hvenær sem er, en aðrar vörur ekki á þeim tíma, sem almennar búðir eru lokaðar.

### 7. gr.

Eftir almennan lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálföldum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

### 8. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er og heimilt að afgreiða eftir lokunartíma.

### 9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt þegar sérstaklega stendur á að veita undanþágu frá þessari samþykkt fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í

- 72** góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauðsynjafyrirtækja,  
7. ágúst sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

**10. gr.**

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna þær í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

**11. gr.**

Með samþykkt þessari er úr gildi felld eldri samþykkt um sama efni.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1930.*

Í fjarveru ráðherra.

**Vigfús Einarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Gunnlaugsson.*

**73**

15. ágúst

**REGLUGERÐ**

um

**viðauka við hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað  
frá 18. júlí 1928.**

**1. gr.**

Nú hafa bryggjur brotnað, og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber eiganda að taka burt allar eftirstöðvar af bryggjunni, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda, og má taka þann kostnað lögtaki. Hafnarnefndin getur og krafizt þess, að allar þryggjur séu gerðar á þann hátt, að hætta geti ekki af þeim stafað, t. d. getur hún heimtað, að þiljur á bryggjum séu gerðar í flekum, er taka megí af